

Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 2. júlí 2024

Mál nr. S-896/2024:

Ákærvaldið

(Karl Ingi Vilbergsson saksóknari)

gegn

Adam Benito Pedie

(Áslaug Lára Lárusdóttir lögmaður)

Dómur

Mál þetta, sem var þingfest 16. apríl 2024 og dómtekið 5. júní sl. að lokinni framhaldsaðalmeðferð, höfðaði héraðssaksóknari með ákæru 2. apríl 2024 á hendur

Adam Benito Pedie, [...],

með dvalarstað í fangelsinu Litla-Hrauni,

„fyrir eftirtalin brot:

I.

Stórfellt fíkniefnalagabrot, með því að hafa um nokkurt skeið, allt til sunnudagsins 17. desember 2023, í félagi með A, [...], staðið að innflutningi á samtals 297,51 g af kókaíni, með styrkleika 67%, og 615,61 g af ketamíni, með styrkleika 85–86%, ætluðu til söludreifingar hér á landi í ágóðaskyni. Ákærði kom að skipulagningu, fjármögnun og öflun efnanna og fékk í kjölfarið A til að móttaka fíkniefnin frá óþekktum aðila og koma með þau til Íslands. Fíkniefnin flutti A, sunnudaginn 17. desember 2023, sem farþegi með flugi [...] frá [...] til Keflavíkurflugvallar, falin innvortis og í fatnaði sem hún klæddist, en A hugðist afhenda ákærða fíkniefnin við komuna til Íslands.

II.

Stórfellt fíkniefnalagabrot, með því að hafa um nokkurt skeið, allt til fimmtudagsins 21. desember 2023, í félagi með B, f. [...], staðið að innflutningi á samtals 124,04 g af kókaíni, með styrkleika 86–87% og 231,80 g af ketamíni, með styrkleika 87%, ætluðu til söludreifingar hér á landi í ágóðaskyni. Ákærði kom að skipulagningu, fjármögnun og öflun efnanna og fékk í kjölfarið B til að móttaka fíkniefnin frá óþekktum aðila og koma með þau til Íslands. Fíkniefnin flutti B, fimmtudaginn 21. desember 2023, sem farþegi

með flugi [...] frá [...] til Keflavíkurflugvallar, falin innvortis, en B hugðist afhenda ákærða fíkniefnin við komuna til Íslands.

III.

Stórfellt fíkniefnalagabrot, með því að hafa um nokkurt skeið, allt til mánudagsins 8. janúar 2024, staðið að innflutningi á 861,46 g af ketamíni, með styrkleika 85%, ætluðu til söludreifingar hér á landi í ágóðaskyni. Efnin flutti ákærði til Íslands falin í póstsendingu nr. [...] frá [...], en lögreglumenn stöðvuðu sendinguna í pósthúsi Póstsins mánudaginn 8. janúar 2024, í kjölfar þess að ákærði vitjaði sendingarinnar með það fyrir augum að fá hana afhent[ta] í pósthúsi við Síðumúla 5 í Reykjavík.

IV.

Skjalabrot, með því að hafa mánudaginn 8. janúar 2024, framvísað í blekkingarskyni frönsku kennivottorði nr. [...] með nafni C, fæðingardagur [...], og gildistíma 16.02.2017 til 15.02.2032, er lögreglumenn höfðu afskipti af ákærða fyrir framan Hamraborg 26 í Kópavogi.

V.

Fíkniefnalagabrot, með því að hafa mánudaginn 8. janúar 2024, haft í vörslum sínum á dvalarstað sínum, [...], samtals 1,01 g af kókaíni, 4,07 g af amfetamíni og 4,16 g af ketamíni, sem lögreglu haldlagði við leit.

Brot samkvæmt ákæruliðum I., II. og III. teljast varða við 173. gr. a. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 64/1974 og 32/2001, brot samkvæmt IV. ákærulið telst varða við 157. gr. almennra hegningarlaga og samkvæmt V. lið telst brotið varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 13/1985 og lög nr. 68/2001, og 2. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr. reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, sbr. reglugerð nr. 808/2018.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Krafist er upptöku á samtals 422,56 g af kókaíni, 1.713,03 g af ketamíni og 4,07 g af amfetamíni með vísan til 6. og 7. mgr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, sbr. reglugerð nr. 848/2002.“

Ákærði krefst frávísunar ákæruliða I og II og sýknu af ákæruliðum III og V en vægustu refsingar sem lög leyfa vegna ákæruliðar IV. Til vara er krafist sýknu af ákæruliðum I og II en komi til sakfellingar er krafist vægustu refsingar sem lög leyfa sem verði skilorðsbundin. Í öllum tilvikum er þess krafist að gæsluvarðhald sem ákærði hefur sætt frá 8. janúar 2024 verði dregið frá refsingunni að fullri dagatölu. Þá er þess krafist að sakarkostnaður, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda og verjanda á rannsóknarstigi samkvæmt tímaskýrslum, greiðist úr ríkissjóði.

Við aðalmeðferð málsins kom fram að ákærvaldið félli frá þeim hluta ákæruliðar V um að ákærða væri gefið að sök að hafa haft vörslur 1,01 g af kókaíni.

Málsatvik

Ákæruliður I

Samkvæmt skýrslu Tollgæslu Íslands á Suðurnesjum voru tollverðir við eftirlit með farþegum úr flugi [...] frá [...], sunnudaginn 17. desember 2023. Farþeginn A var tekin til nákvæmrar skoðunar og við líkamsleit fundust 13 pakkningar sem saman vógu 1.008,9 g en ekkert fannst í farangri. Efnagreiningarvél gaf jákvæða svörun á ketamín af einni pakkningu. Samkvæmt frumskýrslu var A tilkynnt að hún væri handtekin og kvaðst hún vera tilbúin að fara í röntgenskoðun auk þess að heimila lögreglu að rannsaka síma sinn. Samkvæmt aðkomuskýrslu lögreglu var A flutt á bráða- og slysamóttöku Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja til að mynda hana og sýndi mynd fjórar pakkningar neðarlega í kvið sem A gat fjarlægt á lögreglustöð. Pakkningarnar voru sendar til tæknideildar lögreglu og samkvæmt efnaskýrslu reyndust efnin vera 615,61 g af ketamíni og 297,51 g af kókaíni. Efnin voru send til Rannsóknastofu HÍ til greiningar þann 18. desember 2023. Samkvæmt matsgerð Rannsóknastofunnar, dags. 3. janúar 2024, reyndist styrkur ketamíns vera á bilinu 85–86% og styrkur kókaíns 67%. Þar kemur fram að ketamín tilheyri flokki svæfingar- og deyfilyfja. Það teljist til ávana- og fíkniefna og sé bannað með undanþágu á íslensku yfirráðasvæði skv. fylgiskjali I með reglugerð nr. 808/2018 um (10.) breytingu á reglugerð nr. 233/2001 um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni.

Meðal gagna málsins er skýrsla lögreglu, dags. 18. desember 2023, um flugbókanir, dags. 18.11.2023-17.12.2023. Þar kemur meðal annars fram að A hafi komið til landsins frá [...] þann 18. nóvember 2023 með flugi [...] og dvalið í tvo daga, eða til 20. nóvember 2023. Netfang vegna flugbókana til og frá landinu var [...]. Í málinu liggur fyrir skýrsla lögreglu um skjáskot úr eftirlits-myndavélakerfi Flugstöðvar Leifs

Eiríkssonar þann 18. nóvember 2023 þegar A kom til landsins með flugi [...] frá [...] ásamt C. Sjást þau ganga frá borði úr fluginu og ganga og ræða saman í flugstöðinni allt þar til þau yfirgefa hana og taka leigubíl saman fyrir utan. Einnig liggur fyrir skýrsla lögreglu um skjáskot úr eftirlitsmyndavélakerfi Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar þann 17. desember 2023 þegar A kom til landsins með flugi frá [...] en þá var hún ein á ferð.

Samkvæmt upplýsingaskýrslu lögreglu, dags. 18. desember 2023, var farsími A skoðaður. Nafn ákærða og netfangið [...], komu upp í samskiptum hennar við aðila í íslenska númerinu [...]. Er nafninu Adam Pedie var flett upp í farþegalistakerfi komu engar niðurstöður.

Fyrir liggur skýrsla lögreglu, dags. 29. desember 2023, um afritun gagna af farsíma A. Þar kemur meðal annars fram að á tímabilinu 25. nóvember 2023 til 17. desember 2023 voru hringd og móttækin 144 símtöl á milli A, sími [...], og símanúmersins [...] á WhatsApp. Tekin voru út samskipti síma A við íslenska númerið [...]. Samskiptin hófust 24. nóvember 2023 og lauk 17. desember 2023. Meðal þess sem þar kemur fram er að þann 14. desember 2023 sendi A skjáskot af valmöguleikum á flugi frá [...] til [...] þann 15.12. Þann 15. desember 2023 kl. 07:56 sendi A skilaboðin „Payment“ og kl. 15:19 sendi hún myndir af [...] kennivottorði sínu. Sama dag kl. 16:22–16:39 voru áframsendar úr símanúmerinu [...] til síma A myndir af kvittun af áfyllingu á fyrirframgreiddu greiðslukorti, samtals að fjárhæð 250 evrur og kl. 21:37 var áframsend kvittun af áfyllingu á fyrirframgreiddu greiðslukorti að upphæð 200 evrur. Klukkan 22:06 þann sama dag sendi A mynd af staðfestingu á flugi frá [...] til [...] 16.12. og frá [...] til [...]. Þann 16. desember 2023 var skjáskot af bókun booking.com á [...] í [...], nafn gests A, áframsent úr símanúmerinu [...] og þann 17. desember 2023 var sent skjáskot úr sama númeri af [...]. Mynd sem var vistuð á síma A 16. desember 2023 sýndi þrjá glæra plastpoka sem innihéldu svartar pakkningar. Borið saman við ljósmyndaskýrslu tæknideildar var um að ræða álíka pakkningar. Mynd vistuð 25. nóvember 2023 sýndi staðfestingu á flugbókun flugfélagsins [...], flugnr. [...], frá [...] til Keflavíkur sama dag. Nafn farþega var A og bóknunarnr. [...].

Tekin var lögregluskýrsla af A þann 17. desember 2023. Kvaðst hún ekki eiga fíkniefnin, hún hefði fengið þau afhent í [...] af óþekktum aðila en einhver hefði átt að ná í efnin á Íslandi og borga henni 3.000 evrur. A kvaðst hafa ætlað að gista hjá vini sem hétu D, hún hefði komið til landsins með honum þegar hún hefði komið í fyrsta skipti en í hitt skiptið hefði hún komið ein. Aðspurð játaði hún að sá maður væri C og sagði að

barnsfaðir hennar hefði komið sér í samband við hann. Tekin var önnur lögregluskýrsla af A þann 22. desember 2023. Þar greindi A frá því að D hefði átt að fá efnin afhent á Íslandi og að það gæti verið að hann hétí C. Aðspurð undir hvaða nafni hann væri vistaður í síma hennar kvað A það vera íslenska númerið. A sagði D hafa komið með sér til Íslands 18. desember 2023 frá [...] og staðfesti að hann væri á ljósmynd sem tekin var úr eftirlitsmyndavélakerfi Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar þann 18. desember 2023. A greindi frá því að hann hefði skipulagt flutning hennar á fíkniefnum til landsins en fyrir það átti hún að fá 4.000 evrur.

Með dómi [...] var A sakfelld fyrir stórfellt fíkniefnalagabrot með því að hafa sunnudaginn 17. desember 2023 staðið að innflutningi á 297,51 g af kókaíni með styrkleika 67% og 615,61 g af ketamíni með styrkleika 85–86%, ætluðu til söludreifingar hér á landi. Í dóminum kemur fram að af gögnum verði ekki ráðið að ákærða hafi verið eigandi fíkniefnanna eða tekið þátt í skipulagningu á kaupum og innflutningi heldur hafi hennar hlutverk einvörðungu verið að koma efnunum til landsins og fá þau öðrum í hendur. Var litið til þessara atriða við ákvörðun refsingar og hún dæmd í 14 mánaða fangelsi. Þá var fallist á upptöku fíkniefnanna.

Meðal gagna málsins er upplýsingaskýrsla lögreglu vegna IMEI-númers, dags. 8. maí 2024. Þar kemur fram að farsími ákærða hafi IMEI-númerið [...] en númerið sé sýnilegt í sleða fyrir SIM-kort í farsímanum. Einnig hafi IMEI-númerið sést á upplýsingasíðu um farsímamann í afritunarbúnaði. Símanúmer símans var [...]. IMEI-númer farsímans passi við IMEI-númer datagagna sem aflað var fyrir símanúmerið [...] yfir tímabilið 1. júní til 22. desember 2023. IMEI-númer úr datagögnum var [...]. Um sé að ræða sama IMEI-númer þrátt fyrir að síðasti tölustafur sé ekki sá sami, en síðasti stafurinn sé svokölluð vartala. Einnig liggur fyrir upplýsingaskýrsla lögreglu vegna farsíma ákærða, dags. 28. maí 2024. Þar segir að farsíminn hafi verið yfirfarinn m.t.t. strikamerkis Póstsins vegna pakkasendingar og mögulegra skjáskota frá þriðja aðila sem ákærði áframsendi á burðardýr í málum [...] og [...]. Í farsímanum fundust engin strikamerki eða skilaboð frá Póstinum né öðrum. Að auki fundust engin skjáskot sem send voru af þriðja aðila. Að auki voru tveir farsímar sem fundust einnig á heimili ákærða yfirfarnir í sama tilliti en ekkert markvert fannst. Tilgreindar upplýsingaskýrslur dags. 8. og 28. maí 2024, eiga einnig við um ákæruliði II og III.

Ákæruliður II

Samkvæmt skýrslu Tollgæslu Íslands á Suðurnesjum voru tollverðir við eftirlit með farþegum úr flugi [...] frá [...], fimmtudaginn 21. desember 2023. Farangur farþegans B hafi verið gegnumlýstur. Kvaðst hún ætla að dvelja á landinu sem ferðamaður í viku og ætla að gista á [...]. Var hún með um 300 evrur á sér en ekkert kreditkort og sagðist ekki vera búin að borga hótelið. Vaknaði grunur um að hún væri með fíkniefni innvortis og samþykkti hún að undirgangast röntgenskoðun. Samkvæmt frumskýrslu lögreglu sama dag kvaðst B hafa ætlað að þéna peninga með því að selja sig, hafa skipulagt ferðina sjálf og ætlað að kaupa flugmiða til baka þegar hún hefði þénað nóg. Aðspurð hvort hún væri með fíkniefni innvortis sagði hún það ekki tilgang ferðarinnar. Var hún handtekin grunuð um innflutning fíkniefna innvortis. Samþykkti hún rannsókn á síma og röntgenmyndatöku sem leiddi í ljós stórar þakningar innvortis.

Samkvæmt efnaskýrslu tæknideildar lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu var um að ræða samtals 231,80 g af ketamíni og 124,04 g af kókaíni. Efnin voru send til Rannsóknastofu HÍ til greiningar þann 22. desember 2023. Samkvæmt matsgerð Rannsóknastofunnar, dags. 8. janúar 2024, reyndist styrkur ketamíns vera 87% og styrkur kókaíns á bilinu 86–87%. Þar kemur fram að ketamín tilheyri flokki svæfingar- og deyfilyfja. Það teljist til ávana- og fíkniefna og sé bannað með undanþágu á íslensku yfirráðasvæði skv. fylgiskjali I með reglugerð nr. 808/2018 um (10.) breytingu á reglugerð nr. 233/2001 um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni.

Meðal gagna málsins er upplýsingaskýrsla vegna flugferða, dags. 2. janúar 2024. Þar kemur meðal annars fram að flugmiði á nafni B hafi verið bókaður 19. desember 2023 vegna flugs frá [...] til Keflavíkur þann 20. desember 2023, símanúmer [...] með kreditkorti. Flugmiði á nafni B hafi verið bókaður 20. desember 2023 vegna flugs frá Keflavík til [...] þann 21. desember 2023, símanúmer [...], greiddur með kreditkorti [...].

Í skýrslu lögreglu, dags. 8. janúar 2024, um afritun gagna af farsíma B, er gerð grein fyrir þeim samskiptum sem komu oftast fyrir. Á tímabilinu 24. nóvember 2023 til 17. desember 2023 voru hringd og móttækin 37 símtöl á milli B og símanúmersins +354- [...], ekki vistað undir nafni (lyndistákn á WhatsApp). Tekin voru út samskipti milli B og ýmissa aðila. Á tímabilinu 18. desember 2023 til 21. desember 2023 voru hringd og móttækin 191 símtöl milli B og símanúmersins [...]. Samskipti B á WhatsApp voru tekin út. Þar kemur meðal annars fram að þann 20. desember 2023 var B í samskiptum við símanúmerið +354 7670136, vistað undir nafninu E. Þann dag kl. 23:31 sendi E myndband tekið út um glugga í íbúð í [...], að því virðist á [...]svæðinu. Í glerinu sést

speglun mannsins sem tók upp myndbandið og undir því er lagið „It’s beginning to look a lot like Christmas“. Á sama tíma sendi E þrjú önnur samskonar myndbönd. Þann 18. desember 2023 hófust samskipti milli B og símanúmersins [...], vistað undir nafninu E, sem lauk 21. desember 2023. Mikið var um hljóðskilaboð í samskiptunum. Þann 19. desember 2023 kl. 10:11 sendi B tvær myndir af [...]kennivottorði sínu og kl. 19:20 sama dag sendi hún [...]símanúmer og netfangið [...]. Klukkan 22:25 áframsendi E mynd af staðfestri bókun á [...] fyrir einn frá 20.12.2023-21.12.2023. Þann 20. desember 2023 kl. 17:42 sendi B pdf skjal af brottfararspjaldi flugfélagsins [...], flugnr. [...] frá [...] til Keflavíkur 21.12.2023. Nafn farþega B. Þann 24. nóvember 2023 hófust samskipti sem lauk 17. desember 2023, milli B og símanúmersins [...], sem ekki var vistað undir nafni. Mikið var um hljóðskilaboð. Þann 15. desember 2023 kl. 21:36 sendi B mynd af kvittun af áfyllingu á fyrirframgreiddu greiðslukorti að upphæð 200 evrur. Sama mynd var áframsend mínútu síðar úr símanúmerinu [...] á A (sjá mál nr. [...]).

B gaf skýrslu hjá lögreglu þann 22. desember 2023 í hljóði og mynd. Kvaðst hún sjálf hafa skipulagt kaup og innflutning efnanna til landsins og neitaði að tjá sig um íslenskt númer vistað undir nafninu E. Í seinni lögregluskýrslu, þann 28. desember 2023, sem einnig var tekin upp í hljóði og mynd, greindi B frá því að maður á Íslandi hefði greitt fyrir flugið til landsins og að hún hefði verið í samskiptum við hann en hann hétí E í símanum. Flugmiðann hefði hún fengið sendan í símann frá þeim sama aðila þann 20. desember en hafa misst af því flugi og því fengið miða 21. desember. Kvaðst hún hafa verið í sambandi við E allt ferðalagið en hann hefði haft samband við hana og boðið henni að fara í þetta verkefni og sagt henni að sækja fíkniefnin til [...]. E væri sá sem stjórnaði.

Með dómi [...] var B sakfelld fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni, með því að hafa fimmtudaginn 21. desember 2023 staðið að innflutningi á samtals 124,04 g af kókaíni með styrkleika 86–87% og 231,80 g af ketamíni með styrkleika 87%, ætluðu til söludreifingar hér á landi í ágóðaskyni en fíkniefnin flutti ákærða til Íslands með flugi [...] frá [...] til Keflavíkurflugvallar, falin innvortis. Í dóminum kemur fram að af gögnum verði ekki ráðið að ákærða hafi verið eigandi fíkniefnanna eða tekið þátt í skipulagningu á innflutningi þeirra til Íslands með öðrum hætti en að samþykkja að flytja efnin til landsins gegn greiðslu. Var litið til þessara atriða og þess að ákærða hefði veitt lögreglu liðsinni við rannsókn málsins við ákvörðun refsingar og hún dæmd í fimm mánaða fangelsi. Þá var fallist á upptöku fíkniefnanna.

Ákæruliður III

Í upplýsingaskýrslu lögreglu, dags. 8. janúar 2024, kemur m.a. fram að lögregla hafi farið að [...] til að handtaka ákærða en lögreglumenn frá héraðssaksóknara hafi einnig farið til aðstoðar. Tilkynning hafi borist hinum síðarnefndu um að ákærði hefði sest inn í bifreiðina [...] og ekið að pósthúsinu við Síðumúla 3–5, lögreglan hafi ekið þangað og veitt bifreiðinni eftirför þar til henni hafi verið lagt fyrir utan [...]. Lögreglan hafi veitt ákærða eftirför að inngangi að [...], þar sem hann hafi verið krafinn um skilríki. Ákærði hafi framvísað [...] kennivottorði ánafnað C frá [...]. Lögreglumaður hafi ávarpað ákærða sem Adam og hafi hann þá viðurkennt að hafa keypt kennivottorðið frá vini í [...]. Ákærði hafi verið handtekinn vegna gruns um innflutning á fíkniefnum og farsími hans haldlagður.

Meðal gagna málsins er mynd úr afgreiðslukerfi Póstsins vegna pakkasendingar með viðtökunúmeri [...], viðtakandi F til heimilis að [...], GSM númer [...], nefang [...].

Þá liggur fyrir skýrsla lögreglu vegna pakkasendingar [...], dags. 9. janúar 2024, vegna eftirlits með ákærða þann 8. janúar 2024 og innihald pakkans. Þar kemur meðal annars fram að lögregla hafi fylgst með ákærða koma á bifreiðinni [...], fara inn á pósthús Póstsins við Síðumúla 5, hann hafi sýnt þar strikamerki á farsíma sínum og ætlað að sækja póstsendingu. Ákærði hafi tekið mynd af tölvuskjá á farsíma og farið inn í bifreiðina [...], verið þar í rúmlega hálf tíma en þá farið inn aftur ásamt öikumanni og gert aðra tilraun til að fá pakkann afhentan. Stöðvarstjóri Póstsins hefði upplýst lögreglu að samkvæmt afgreiðslukerfi hefði ákærði verið að reyna að sækja sendingu með númerið [...] sem var sjö kílóa pakki frá [...]. Símanúmer á sendingunni sjálfri var [...] en símanúmerið [...] var skráð fyrir sendingunni í kerfum Póstsins. Skráður móttakandi var F, skráður til heimilis að [...]. Ákærði ók að [...] þar sem hann var handtekinn. Pakkasendingin var tekin til frekari skoðunar og vöktu tvær nuddrúllur athygli vegna þyngdar. Innan í rúllunum var hvítt plaströr og var sagað í það til að athuga hvort eitthvað væri innan í því. Kom þá í ljós hvítt duft í báðum rörum sem reyndist vera 861 g af ketamíni samkvæmt skýrslu tæknideildar.

Efnin sem fundust í plaströrum voru send til tæknideildar lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu með rannsóknarbeiðni þann 9. janúar 2024. Samkvæmt efnaskýrslu tæknideildar, dags. 10. janúar 2024, reyndust vera 861,46 g af ketamíni í rörum. Rannsóknarverkbeiðni með efnaskrárnúmer 53095 var send Rannsóknastofu HÍ þann 10.

janúar 2024 og óskað eftir greiningu og styrkleikamælingu. Samkvæmt matsgerð Rannsóknastofunnar, dagsettri sama dag, var um ketamín að ræða og var styrkur þess 85%. Þar kemur fram að ketamín tilheyri flokki svæfingar- og deyfilyfja. Það teljist til ávana- og fíkniefna og sé bannað, með undanþágu, á íslensku yfirráðasvæði skv. fylgiskjali I með reglugerð nr. 808/2018 um (10.) breytingu á reglugerð nr. 233/2001 um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni.

Í málinu liggur fyrir lögregluskýrsla með fimm myndum af upptöku úr eftirlitsmyndavélum frá pósthúsinu við Síðumúla þann 8. janúar 2024 þar sem athöfnum ákærða er lýst með sambærilegum hætti og í framangreindri skýrslu lögreglu frá 9. janúar 2024. Mynd nr. 4 sýnir ákærða við afgreiðsluborð að tala við þjónustufulltrúa og sýna henni skjá farsíma en ekki sést greinilega hvað er á skjánum. Í texta við myndina kemur fram: „Sýnir þegar Adam er að fá afgreiðslu. Adam er með strikamerki fyrir sendingu í farsíma sínum sem var síðan skannað inn í afgreiðslukerfi Póstsins. Stikamerkið er fyrir sendingu [...]“

Samkvæmt húsleitarskýrslu lögreglu, dags. 8. janúar 2024, í íbúð ákærða að [...], fundust tveir farsímar á náttborði ásamt SIM-korti með númerinu [...]. Einnig hafi fundist SIM-kort fyrir símanúmerið [...]. Samkvæmt skýrslum, dags. 18. og 19. janúar 2024, um afritun gagna af tveimur farsímum sem fundust við húsleit hjá ákærða í [...], fannst ekkert markvert á þeim farsímum.

Ákæruliður V

Samkvæmt húsleitarskýrslu lögreglu, dags. 8. janúar 2024, í íbúð ákærða að [...], fundust fimm smelluláspokar með meintum fíkniefnum inni á baðherbergi í efri skúffu vaskaskáps. Í eldhússkáp fyrir ofan ísskáp hafi fundist Nike-skókassi með miklu magni smelluláspoka, grammavigt og meint fíkniefni í smelluláspokum. Þann 9. janúar 2024 var send rannsóknarbeiðni til tæknideildar þar sem óskað var eftir efna- og magngreiningu á efnunum sem fundist höfðu við húsleitina. Samkvæmt efnaskýrslu var um að ræða 1,01 g af kókaíni, 4,07 g af amfetamíni og 4,16 g af ketamíni auk 241,92 g af laktósa.

Tekin var lögregluskýrsla af ákærða þann 9. janúar 2024 vegna skjalafals og innflutnings fíkniefna. Ákærði kvaðst hafa ferðast á skilríki vinar, C, til Íslands því hann hafi ekki átt skilríki. Aðspurður um netfangið [...] sagði ákærði líklegt að einhver hefði

gert það fyrir sig því hann væri óskrifandi. Ákærði kvaðst ekki þekkja nafn B. Hann kvaðst kannast við A en þau væru vinir og hefðu komið saman til Íslands en ekki með fíkniefni. Ákærði kannaðist ekkert við aðild að tveimur málum vegna innflutnings fíkniefna. Ákærði kvaðst búa í [...], vinur sinn hefði boðið sér að vera þar en gat ekki upplýst um nánari deili á þeim vini. Ákærði neitaði að hafa verið að sækja pakka og kvaðst hafa farið inn í pósthúsið til að sækja pening í gegnum [...] en hefði ekki getað það því hann hefði ekki verið með vegabréf og talaði ekki góða ensku. Ákærði kvaðst ekki eiga fíkniefnin sem hefðu fundist við húsleit og kvaðst afsala þeim til eyðingar enda ætti hann þau ekki. Ákærði kvaðst hafa dvalið í íbúðinni frá því skömmu fyrir jól og hafa verið einn. Ákærði kvaðst aðspurður um sakaferil hafa setið inni í [...] en neitaði að tjá sig um fyrir hvað. Ákærði heimilaði ekki afritun farsíma og heimilaði ekki aðgang að bankagögnum eða að lögregla aflaði fjarskiptagagna.

Tekin var önnur lögregluskýrsla af ákærða þann 28. febrúar 2024. Ákærði kvaðst ekki vilja breyta neinu í fyrri framburði. Ákærði neitaði að hafa skipulagt fíkniefna-innflutning A þann 17. desember 2023. Aðspurður kvaðst ákærði hafa talað við hana í síma og hafa verið í samskiptum við hana, hún hefði sent afmælistveðju á afmælinu hans 16. desember en það hefðu verið einu samskiptin. Ákærði var spurður út í samskipti hans úr númerinu [...] við A í gegnum WhatsApp, 144 símtöl milli þeirra á tímabilinu 25. nóvember 2023 til 17. desember 2023. Ákærði sagði það rétt, en A hefði ekki þekkt íslenska númerið hans og samskipti þeirra fyrir 17. desember hefðu verið í gegnum frönsk símanúmer. Ákærði kvaðst ekki hafa verið kominn með íslenskt númer á þessum tíma en ekki muna hvenær hann hefði fengið íslenskt símanúmer. Ákærði neitaði að hafa lagt pening inn á A í gegnum [...] enda hefði hann ekki verið með gild skilríki. Ákærði kvaðst ekki geta sent pening í gegnum [...] nema vera með ökuskírteini eða vegabréf sem hann hafi alltaf verið beðinn um að sýna þegar hann hefði tekið á móti peningum. Ákærði sagði aðspurður um skjáskot sem hann áframsendi á A af kvittun af áfyllingu á fyrirframgreitt greiðslukort að fjárhæð 200 evrur, að kortið hefði ekkert með fíkniefnaviðskipti að gera og væri ætlað til notkunar í [...]. Ákærði kvaðst aðspurður um skjáskotið hafa sent A svipaðar myndir nokkrum sinnum en ekki vera viss um að það væri nákvæmlega þessi mynd. Ákærði kvaðst ekki muna eftir skjáskoti af bókun á flugi [...] sem A hafði áframsent á hann þann 24. nóvember 2023. Aðspurður um skjáskot af staðfestingu á bókun á [...] þann 16. desember 2023, sem hann sendi A sama dag, kvaðst ákærði hafa gist á hótelinu fyrir 16. desember en ekki með A. Ákærði kannaðist ekki við

skjáskot af [...] sem hann sendi A en kvað þau hafa gist þar þegar þau komu saman til landsins þann 18. nóvember. Hann hefði komið til að skoða landið og sjá eldfjallið en vissi ekki hvað A hefði verið að gera á landinu. Ákærði kvaðst ekki muna pin-númer farsímans.

Ákærði kvaðst aðspurður um tengsl við B, ekki hafa látið neinn fá fíkniefni og ekki vita hvort hann hefði verið í samskiptum við hana áður en hún kom til landsins 21. desember 2023. Ákærði kvaðst ekkert vita um myndband af honum í íbúðinni að [...], sem hann sendi B, þar sem sjá mátti spegilmynd af ákærða í rúðu og útsýni úr íbúðinni. Ákærði kannaðist ekki við skjáskot af staðfestri bókun á [...] sem hann sendi B og kvaðst ekki vita af hverju B hefði sent honum skjal með staðfestingu á greiðslu flugmiða flugfélagsins [...] nr. [...] frá [...] til Keflavíkur 20. desember 2023 og mynd af brottfararspjaldi af flugi [...] frá [...] til Keflavíkur þann 21. desember 2023. Ákærði kvaðst ekki vita hvort hann kannaðist við B.

Ákærði neitaði að hafa reynt að sækja póstsendingu á pósthúsi Póstsins að Síðumúla 5, en kvaðst hafa farið að sækja peninga sem hann hefði ekki fengið því hann hefði vantað skilríki. Ákærða var bent á að skráður móttakandi væri F til heimilis að [...]. Símanúmerið á sendingunni sjálfri hefði verið [...]. Hins vegar hefði símanúmerið [...] verið skráð fyrir sendingunni í kerfum Póstsins. Ákærði væri notandi símanúmersins [...] og við húsleit á dvalarstað hans að [...], hefði fundist kort utan um símakort með símanúmerinu [...]. Ákærði kvaðst vera undrandi á að þetta væru tvö íslensk símanúmer en hann vissi ekkert um þessa sendingu og kvaðst ekki vita um strikamerki í síma sínum.

Ákærði kvaðst hafa notað sitt nafn og skilríki í eigu C á Íslandi. Spurður hvers vegna hann hefði gefið upp nafnið D við handtöku neitaði ákærði að hafa gert það.

Skýrslur ákærða og vitna fyrir dómi

Ákæruliður I

Ákærði kvaðst aðspurður þekkja vitnið A, sem væri vinur sinn, en neitaði að hafa staðið í innflutningi eiturlyfja. Ákærði kannaðist við að hafa komið til landsins með A þann 18. nóvember 2023 til að skoða landið og sjá eldfjall. Aðspurður hvort ákærði væri með íslenska númerið [...] kvaðst hann hafa gleymt símanúmerinu sínu. Ákærði kannaðist við að hafa verið með farsíma á sér við handtöku en kvaðst ekki geta svarað því hvað hann vildi segja um að gögn málsins sýndu að sá farsími hefði notað númerið [...]. Ákærði kannaðist við að hafa verið í símasamskiptum við A dagana fyrir 17. desember 2023 og sagði hana hafa hringt 16. desember vegna afmælis ákærða.

Aðspurður hvort það hefðu verið einu samskiptin milli þeirra svaraði ákærði að þau hefðu ekki talað um fíkniefni en spurður aftur kvaðst hann ekki vita það. Ákærði tók fram að hann væri ólæs og því hefðu það ekki verið rituð skilaboð. Þá kvaðst ákærði ekki halda að sendar hefðu verið myndir eða skjöl á milli þeirra. Ákærði kvaðst ekki geta sagt til um það hvort hann hefði vitað að A væri að koma til landsins 17. desember. Ákærði var spurður út í símasamskipti varðandi flug og hótél í Amsterdam og á Íslandi, en ákærði kvaðst hvorki hafa keypt miða né pantað hótél fyrir A og ekki vita hver hefði gert það.

Ákærði var spurður hvort hann hefð sent A mynd af kvittun vegna 200 evra þann 15. desember 2023. Ákærði kannaðist við að hafa sent A slíka mynd en hann gæti ekki fullyrt að þetta væri sú mynd og hann vissi ekki dagsetningu þeirrar sendingar. Ákærði kvaðst ekkert vita aðspurður um að myndin hefði verið send til A þann 15. desember 2023 úr símanúmerinu [...]. Ákærði kvað mögulegt að hann hefði fengið kvittunina senda frá öðrum og áframsent hana til A. Ákærði kvaðst ekki hafa fengið íslenskt númer fyrir en í janúar aðspurður um mynd með upplýsingum um flug frá París til Amsterdam sem A hefði sent í númerið [...] þann 14. desember 2023. Nánar spurður hvar og hvenær í janúar ákærði hefði fengið númerið kvaðst hann ekki muna það en halda að það hefði verið 3. eða 4. janúar í verslanamiðstöð. Ákærði kannaðist ekki við að hafa pantað hótél fyrir A aðspurður um mynd af staðfestingu á bókun á hóteli í [...] á nafni A, en skjáskot var sent á A þann 16. desember 2023 úr símanúmerinu [...]. Borið var undir ákærða að samkvæmt gögnum málsins hefði númerið [...] verið í samskiptum við A dagana áður en hún kom til Íslands og hvort ákærði héldi að sá aðili hefði skilað inn númerinu og ákærði fengið það 3. eða 4. janúar. Ákærði kvað það mögulegt en það væri mjög furðulegt. Borið var undir ákærða að á tímabilinu 25. nóvember til 17. desember 2023 hefðu 144 símtöl átt sér stað milli A og númersins [...], en ákærði kvaðst ekki hafa hringt svo oft í hana. Ákærði kvaðst vera ólæs þegar borið var undir hann að A hefði sent skilaboðin „Payment“ í númerið [...]. Ákærði kaus að svara ekki er borið var undir hann að fjórar skjámyndir af greiðslukvittunum hefðu verið sendar úr númerinu [...] þann 15. desember 2023 og að A hefði sama dag sent skjáskot af staðfestingu á flugi þann 17. desember 2023 frá [...] til Keflavíkur. Ákærði kvaðst hvorki hafa beðið A um að koma með fíkniefni til Íslands né standa á bak við innflutning efnanna. Ákærði kvaðst aðspurður af verjanda vera ólæs og óskrifandi en skilja einstök orð í ensku.

Ákæruliður II

Ákærði kvaðst aðspurður kannast við B en ekki í tengslum við fíkniefnainnflutning þann 21. desember 2023. Nánar spurður kvaðst ákærði hafa þekkt hana lengi og hún væri góð vinkona. Ákærði kannaðist við að hafa verið í símasamskiptum við B. Ákærði neitaði í framhaldi að svara spurningum varðandi B. Ákærði kannaðist við sjálfan sig á myndbandi sem fannst í síma B þar sem lagið „It’s beginning to look a lot like Christmas“ var spilað undir en sagðist ekki vita hvenær hann hefði sent myndbandið til B. Ákærði kvaðst ekkert vita er borið var undir hann að myndbandið hefði verið sent til B úr númerinu [...] þann 20. desember 2023. Ákærði sagði aðspurður myndbandið hafa verið tekið í íbúðinni í [...], þar sem hann var handtekinn, en kvaðst ekki vita hvenær það hefði verið tekið. Ákærði kvaðst hafa fengið íbúðina í desember en ekki muna hvaða dag. Borið var undir ákærða að hann hefði sagt hjá lögreglu að hann hefði fengið íbúðina rétt fyrir jól og kvað ákærði það geta verið og muna núna að það hefði verið 18. eða 19. desember.

Ákærði kvaðst ekkert vita um skjámynd sem send var úr númerinu [...] til B þann 18. desember 2023 né skjámynd með staðfestingu á pöntun á hótelinu [...], senda 19. desember sama ár. Ákærði neitaði að svara hvort hann myndi eftir að hafa fengið senda mynd af staðfestingu á flugi frá [...] til Keflavíkur frá B þann 20. desember 2023 eða mynd af flugmiða frá [...] til Keflavíkur. Ákærði kvaðst ekki vera E, sem B hafði greint frá hjá lögreglu að væri aðilinn sem hefði staðið að baki fíkniefnainnflutningi. Borið var undir ákærða að í síma B væri númerið [...] vistað undir nafninu E og myndbandið með honum væri sent út því númeri. Ákærði kvaðst hafa tekið myndbandið, hafa tekið það upp á SnapChat en notað WhatsApp til að senda það á hóp en neitaði að vera E. Ákærði kvaðst ekki vita hvers vegna tvær vinkonur hans sem komið hefðu til landsins 17. og 21. desember 2023 segðu báðar að hann stæði á bak við fíkniefnainnflutninginn.

Ákæruliður III

Ákærði kvaðst aðspurður um hvort hann hefði vitjað póstsendingar frá [...] þann 8. janúar 2024, sem innihélt 861,46 g af ketamíni, hafa greint frá málinu í lögregluskýrslu en vildi ekki tjá sig frekar. Ákærði kannaðist við að hafa sagt í lögregluskýrslu að hann hefði ætlað að ná í peningagreiðslu frá [...] en ekki fengið hana því hann hefði ekki verið með rétt skilríki. Borin var undir ákærða mynd úr eftirlitskerfi Pósthússins, þar sem ákærði var sagður framvísa farsíma með strikamerki tengdu póstsendingu með fíkniefnum, en ákærði kaus að svara ekki. Ákærði sagðist ekki vera F, beðinn um að skýra hvernig símanúmer hans, [...], hefði verið á sendingunni. Ákærði kannaðist ekki

við símanúmerið [...] á mynd úr afgreiðslukerfi Póstsins. Borið var undir ákærða að við húsleit hjá honum þann 8. janúar sl. hefði fundist SIM-kort með því símanúmeri á náttborði, en ákærði kvaðst ekki vita hver ætti SIM-kortið.

Ákæruliður V

Ákærði neitaði alfarið að svara spurningum varðandi þennan ákærulið.

Vitnið A kvaðst aðspurð hafa komið til landsins þann 18. desember 2023 með kókaín og ketamín vegna peningavandræða, en hún hefði átt að fá greiddar tæpar 4.000 evrur fyrir. Hún hefði farið frá [...] til [...], þaðan til [...], þar sem hún hefði fengið efnin og svo til Keflavíkur, þar sem hún hefði átt að láta ákærða fá efnin. Ákærði hefði fengið hana til að flytja efnin til landsins en hún hefði kynnst honum í gegnum barnsföður sinn. Ákærði hefði greitt fyrir flugið og hótulgistingu í [...] og að hann hefði einnig ætlað að greiða fyrir hótulgistingu á Íslandi.

Vitnið G, verkefnastjóri hjá Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði, staðfesti efni og undirritun matsgerðar, dags. 3. janúar 2024. Vitnið greindi frá því að 14 efnissýni af 17 hefðu innihaldið 85–86% ketamín, eða 98–99% ketamínklóríð. Eitt efnissýni hefði reynst vera 76% kókaín. Vitnið sagði efnið ketamín vera í flokki svæfingar- og deyfilyfja sem hefði sögu um misnotkun fyrir hugbreytandi og ofskynjunaráhrif og flokkast sem ólöglegt ávana- og fíkniefni hér á landi. Vitnið staðfesti einnig efni og undirritun matsgerða, dags. 8. janúar 2024 og 19. janúar 2024.

Lögreglu maður 1, sem staðfesti efni og undirritun skýrslu um símasamskipti, dags. 8. janúar 2024, greindi frá því að farsími A hefði verið skoðaður og helstu atriði eins og samskipti við Ísland, myndir og myndbönd verið tekin út. Vitnið staðfesti að símanúmerið [...] hefði verið skoðað og að 144 símtöl hefðu verið hringd milli þess númers og síma A á tímabilinu 25. nóvember 2023 til 17. desember 2023. Mikil samskipti hefðu átt sér stað milli númeranna á WhatsApp og verið á frönsku og þýdd af lögreglu. Samskipti þann 15. desember 2023 hefðu verið þýdd með Google translate af frönsku yfir á ensku. Sendar hefðu verið margar skjámyndir og hljóðskilaboð en hljóðskilaboðin hefðu ekki verið skoðuð. Aðspurð greindi vitnið frá því að síminn hefði verið afritaður við rannsókn og fjöldi símtala sem hefði verið 144 kæmi fram í Cellebrite-forriti. Vitnið kvaðst aðspurð vera með meistaragráðu í „forensic science“ og hafa sótt námskeið og fengið kennslu í símaafritun umfram lögregluskólamenntun.

Vitnið staðfesti einnig efni og undirritun skýrslu um símasamskipti B, dags. 8. janúar 2024. Vitnið staðfesti að þar hefði komið fram að 191 símtal hefði átt sér stað milli símanúmers B og íslenska símanúmersins [...]. Vitnið staðfesti enn fremur að á tímabilinu 24. nóvember til 17. desember 2023 hefðu 37 tengingar átt sér stað milli B og símanúmersins [...]. Vitnið staðfesti að þann 20. desember 2023 hefðu verið samskipti milli B og símanúmersins [...] og myndbönd sem lýst væri í skýrslunni farið á milli. Þann sama dag kl. 17:42 hefði B sent pdf-skjal af brottfararspjaldi [...] frá [...]til Keflavíkur og þann 19. desember 2023 kl. 22:25 hefði E áframsent mynd af staðfestri bókun á [...] til B.

Lögreglumaður 2, sem staðfesti efni og undirritun upplýsingaskýrslu vegna aðgerða við Hamraborg og húsleitarskýrslu á sama stað, báðar dags. 8. janúar 2024, kvað aðkomu sína hafa verið eftirför með ákærða sem hefði byrjað með skyggingu og endað fyrir utan [...] þar sem ákærði var handtekinn. Það hefði fyrst og fremst verið til að komast að því hver ákærði væri í raun og veru en hann hefði framvísað [...] kennivottorði á nafni C. Við húsleit í [...] hefðu fundist tveir farsímar á náttborði ásamt umbúðum af SIM-korti með þar sem á hefði verið skrifað símanúmerið [...]. SIM-kort hafi öll raðnúmer og þannig hefði fengist staðfesting á símanúmerinu.

Rannsóknarlögreglumaður 1, sem staðfesti efni og undirritun upplýsingaskýrslu, dags. 2. maí 2024, kvaðst hafa verið að rannsaka fíkniefnainnflutning sem tengdist aðila að nafni C sem væri líklega í [...]. Fengist hefðu upplýsingar um að þessi aðili hétu Adam Pedie og í kjölfarið hefði verið upplýst að starfsmenn héraðssaksóknara væru á eftir aðilanum. Þeir hefðu farið á eftir ákærða að Hamraborg en vitnið kvaðst hafa séð ákærða við bílakjallara og spurt að nafni. Ákærði hefði sagst heita D en framvísað skilríkjum á nafni C og ákærði verið handtekinn í kjölfarið. Vitnið kvaðst ekki muna hvaða fíkniefni hefðu fundist við húsleit en það hefði verið eitthvert smáræði. Vitnið kannaðist við að tveir farsímar hefðu fundist við húsleit og umbúðir utan um SIM-kort til viðbótar við farsíma sem ákærði var með á sér. Við skoðun á samskiptanotkun þess síma sem ákærði var með á sér við handtöku hefði komið fram sama IMEI-númer og notkun á símanúmerinu [...]. Hljóðskrár á frönsku hefðu ekki verið þýddar. Ekki hefði náðst að opna síma ákærða þar sem hann hefði neitað að gefa upp pin-númer símans og því lægi ekki fyrir upplýsingaskýrsla um efni síma hans. IMEI-númerið hefði átt að vera í gögnum málsins en annar lögreglufulltrúi hefði séð um símarannsóknina. Vitnið kvaðst ekki hafa

farið inn í pósthúsið og sagði að ekki hefði verið haft samband við Western Union til að athuga hvort ákærði hefði átt von á peningasendingu.

Lögreglumadur 3, sem staðfesti skýrslu sína í málinu, greindi frá því að óskað hefði verið eftir eftirliti með ferðum ákærða og honum verið fylgt frá [...] að pósthúsi í Síðumúla. Þar kvaðst vitnið hafa farið inn á eftir ákærða en ákærði hefði farið í röð fyrir póstafréttislausu fyrir meðal annars pakka, en ekki í röð fyrir afgreiðslu [...]. Ákærði hefði gert tilraun til að sækja pakka en fengið þau svör að hann væri ekki tilbúinn til afhendingar. Ákærði hefði þá farið út í bíl en á meðan kvaðst vitnið hafa farið inn og rætt við stöðvarstjóra Pósthússins og spurt hvaða sendingu ákærði hefði verið að sækja en sést hefði strikamerki eða númer í símanum sem ákærði hefði sýnt afgreiðslukonu. Vísaði vitnið til þess að meðal gagna málsins væri mynd af ákærða þar sem kæmi fram að ákærði hefði verið með strikamerki í símanum. Ákærði hefði komið aftur inn með öðrum manni til að fá pakkann afhentan án árangurs, meðan verið var að skoða hvaða sendingu ákærði hefði verið að sækja. Ákærði hefði verið handtekinn í kjölfarið í [...] og þá hefði verið farið aftur á pósthúsið til að sækja pakkann. Í honum hefðu verið tvær nuddrúllur en við skoðun hefði ekkert óeðlilegt sést. Þá hefðu rúllurnar verið vigtaðar og komið í ljós að þær væru þyngri en þyngdin sem gefin var upp á heimasíðu seljanda. Efnin hefðu fundist innan í plasthólkum innan í rúllunum. Aðspurður kvaðst vitnið ekki hafa séð strikamerkið sjálfur en þjónustufulltrúi hefði flett upp í kerfinu til baka og þetta hefði verið eina sendingin sem hefði komið til greina. Kvaðst vitnið hafa talað við stöðvarstjóra Póstsins til að fá þetta staðfest. Vitnið staðfesti að ákærði hefði framvísað viðtökunúmerinu sem fram kæmi á mynd úr afgreiðslukerfi póstsins.

Lögreglumadur 1, sem kom aftur fyrir dóm, staðfesti efni og undirritun upplýsingaskýrslna, dags. 8. maí 2024 og 28. maí 2024. Vitnið kvaðst hafa skoðað síma ákærða með tilliti til strikamerkis, sem ákærði hefði framvísað til að sækja pakka, en það hefði ekki fundist. Í símanum hefði lítið af upplýsingum, hvort sem það stafaði af lítilli notkun eða afrit hafi ekki komið fram að fullu sem geti gerst. Samskipti við þriðju aðila hefðu verið mjög fá og enginn tölvupóstur, aðeins verið samskipti á SnapChat sem hefðu verið glöppótt og oft án viðhengis. Aðspurð kvað vitnið skýringu á því að strikamerki sem ákærða væri gefið að sök að hafa framvísað 8. janúar 2024 hefði ekki fundist í símanum, geta verið að ákærði hefði eytt því eða hann framvísað öðrum síma. Greindi vitnið frá því að í upplýsingaskýrslu, dags. 8. maí 2024, vegna IMEI númers síma, kæmi fram að símanúmerið [...] hefði tengst IMEI númeri símans sem þýddi að símanúmerið

[...] hefði verið notað í símtækinu. IMEI númer fylgi sérhverjum síma. Staðfesti vitnið að IMEI númer samkvæmt datagögnum væri það sama og númerið sem væri í sleða símans, þar sem síðasta talan væri vartala og gæti verið mismunandi eins og í þessu tilviki. IMEI númer væri eins og kennitala símtækis sem héldist óbreytt fyrir utan síðasta tölustafinn. Vitnið staðfesti að símanúmerið [...] hefði verið notað í símanum og að símanúmerið [...] hefði verið í símanum þegar hann var skoðaður.

Forsendur og niðurstaða

Frávísunarkrafa

Ákærði krefst aðallega frávísunar ákæruliða I og II. Ákærði vísar til þess að verknaðarlýsing ákæruliðanna sé óljós og almennt orðuð og háttsemi ákærða ekki lýst með tilskildum hætti þar sem háttsemi ákærða sé ekki lýst með afmörkuðum hætti í ákæru. Því hafi verið útilokað fyrir ákærða að taka til varna og ákæruliðirnir uppfylli ekki skilyrði c-liðar 1. mgr. 152. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Samkvæmt c-lið 1. mgr. 152. gr. laga nr. 88/2008 skal greina í ákæru svo glöggst sem verða má hver sú háttsemi er sem ákært er út af, hvar og hvenær brot er framið, heiti þess að lögum og aðra skilgreiningu og loks heimfærslu þess til laga. Í dómaframkvæmd hafa fyrirmæli þess ákvæðis verið skýrð svo að lýsing á háttsemi sem ákærða er gefin að sök í ákæru verði að vera svo greinargóð og skýr að hann geti ráðið af henni hvaða háttsemi hann er sakaður um og hvaða ákvæði refsilaga hann er talinn hafa gerst brotlegur við. Mega ekki vera slík tvímæli um hverjar sakargiftir eru að ákærða verði með réttu talið torvelt að taka afstöðu til þeirra og halda uppi vörnum. Eins og hér háttar, er það mat dómsins að lýsing á meintri háttsemi ákærða í ákæruliðum I og II í ákæru sé hvorutveggja það greinargóð hann geti fyllilega ráðið hvað hann hefur verið sakaður um auk þess sem skýrt er hvaða refsilagaákvæði hann er talinn hafa brotið. Þá verður ekki séð að orðalag ákæru hafi komið niður á vörnum ákærða. Er því hafnað kröfu ákærða um frávísun ákæruliða I og II frá dómi.

Sýknukrafa

Ákærði neitar sök samkvæmt ákæruliðum I, II, III og V og krefst sýknu. Ákærði vísar til þess að ákæruvaldið hafi ekki fært sönnur á háttsemi hans samkvæmt ákæru. Hvað varði ákæruliði I og II vísar ákærði til þess að lítil sem engin rannsókn hafi farið fram. Ákæruvaldið hafi farið að vinna að frekari rannsókn málsins í miðri aðalmeðferð sem ekki hafi leitt neitt nýtt í ljós en lögreglu beri að rannsaka mál jafnt til sýknu og

sektar, sbr. 54. og 1. mgr. 53. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Yfirlýsingar um IMEI númer síma hafi ekki verið studdar framlögðum gögnum, ekki hafi verið lagðar fram myndir af IMEI númeri símans og því verði ekki byggt á gögnum sem varði síma ákærða. Ákærði sé ólæs og hafi því ómögulega getað skrifað skilaboð sem ákæruvaldið byggi á. Þá verði ekki byggt á sönnunargögnum sem hafi verið þýdd með Google translate.

Þegar ákærði var handtekinn var hann með farsíma með símanúmerinu [...], sem var haldlagður. Ákærði neitaði að gefa upp pin-númer símans en af því leiddi að það var ómögulegt að skoðað innihald hans áður en ákæra var gefin út. Aðalmeðferð málsins hófst 7. maí 2024 og var frestað til framhaldsaðalmeðferðar þann 10. maí s. á. Í millitíðinni, eða þann 8. maí, tókst lögreglu að opna símann með nýrri uppfærslu forrits en lögregla hafi ekki getað rannsakað símann því ákærði neitaði að gefa upp pin-númer. Féllst dómurinn á að fresta málinu meðan verið væri að afrita innihald símans í því skyni að upplýsa málið frekar, hvort heldur til sektar eða sýknu. Upplýsingarskýrslur voru sendar verjanda og dóminum sama dag og þær lágu fyrir og voru formlega lagðar fram við upphaf framhaldsaðalmeðferðar, sem er alvanalegt í sakamálum sem sæta flýtimeðferð. Lágu öll önnur rannsóknargögn málsins fyrir við þingfestingu og er því hafnað af dóminum að ákæruvaldið hafi farið að vinna að frekari rannsókn málsins í miðri aðalmeðferð og að viðbótarrannsókn á símtæki hafi verið í samræmi við 53., sbr. 54. gr. laga nr. 88/2008.

Ákæruliður I

Samkvæmt þessum ákærulið er ákærða gefið að sök stórfellt fíkniefnalagabrot, með því að hafa um nokkurt skeið, allt til sunnudagsins 17. desember 2023, í félagi með A, staðið að innflutningi á samtals 297,51 g af kókaíni, með styrkleika 67%, og 615,61 g af ketamíni, með styrkleika 85–86%, ætluðu til söludreifingar hér á landi í ágóðaskyni. Ákærði hafi staðið að skipulagningu, fjármögnun og öflun efnanna og fengið A til að móttaka fíkniefnin frá óþekktum aðila og koma með þau til Íslands en A hugðist afhenda ákærða fíkniefnin við komuna til Íslands.

Ákærði hefur staðfastlega neitað að hafa átt nokkurn þátt í innflutningi fíkniefna til landsins. Ákærði vísar til þess að vitnisburður A hjá lögreglu og fyrir dómi hafi verið misvísandi en hún hafi verið í samskiptum við aðra en ákærða vegna greiðslu fyrir innflutning efnanna.

Ákærði bar fyrir dómi að hann væri vinur vitnisins A og hafa komið með henni til landsins 18. nóvember 2023. Hann kannaðist við að hafa verið í símasamskiptum við A dagana fyrir 17. desember 2023 en kvaðst ekki geta sagt til um hvort hann hefði vitað að hún væri að koma til landsins þann dag. Ákærði sagðist hafa gleymt símanúmerinu sínu er hann var spurður hvort hann væri með íslenska númerið [...]. Ákærði kannaðist hvorki við að hafa keypt flugmiða né hafa pantað hótél fyrir A. Ákærði kannaðist við að hafa sent A mynd af kvittun vegna 200 evra. Ákærði kvaðst fyrst hafa fengið íslenskt símanúmer 3. eða 4. janúar 2024. Ákærði kannaðist við að hafa sent myndband af sjálfum sér tekið í [...] með jólalagi spiluðu undir, úr íslensku númeri þann 20. desember 2023. Ákærði neitaði ekki að hafa verið með símanúmerið [...] en bar fyrir sig að hann myndi ekki símanúmer sitt.

Í málinu liggur fyrir að vitnið A var stöðvuð við komu til landsins frá [...] þann 17. desember 2023 með talsvert magn kókaíns og ketamíns falin innvortis og í fatnaði. Var hún sakfelld fyrir aðild að innflutningi fíkniefnanna sem svokallað burðardýr og dæmd í 14 mánaða fangelsi með dómi [...]. Í skýrslu hjá lögreglu greindi A frá því að maður sem hún hefði komið með til landsins 18. nóvember 2023 hefði fengið hana til að flytja fíkniefnin til landsins. Við skoðun á innihaldi síma A komu í ljós mikil samskipti milli hennar og símanúmersins [...], dagana áður en hún kom til landsins og fóru 144 símtöl á milli á tímabilinu 25. nóvember til 17. desember 2023. Þá fundust skjámyndir á síma A varðandi tilhögun ferðalags hennar til landsins sem tengdust því símanúmeri. Þann 15. desember 2023 sendi A skjámynd í símanúmerið sem sýndi staðfestingu á bókun flugs til landsins þann 17. desember s. á. Þann 16. desember fékk A senda mynd af bókun á hóteli fyrir hana og daginn eftir fékk hún senda mynd af hótélbókun á [...], hvorutveggja úr númerinu [...]. Þann 15. desember 2023 sendi A skilaboð í númerið með orðinu „Payment“ og var henni svarað sama dag með skjáskoti af greiðslukvittun sem sýndi greiðslu á 200 evrum inn á greiðslukort.

Vitnið A staðfesti fyrir dómi að hún og ákærði væru á myndum frá 18. nóvember 2023 í Flugstöð Leifs Eiríkssonar, sem liggja fyrir í málinu. Hún bar einnig fyrir dómi að ákærði hefði verið í samskiptum við hana, fjármagnað og skipulagt ferð hennar með fíkniefnin, sem til hefði staðið að afhenda ákærða, til Íslands þann 17. desember 2023.

Ákærði hefur, þrátt fyrir að hafa borið fyrir dómi að hann hefði fyrst fengið íslenskt símanúmer í byrjun janúar 2024, einnig borið fyrir dómi að hann hafi sent myndband af sjálfum sér úr íslensku símanúmeri þann 20. desember 2023. Fyrir utan að

vera bæði ótrúverðugt og fjarstæðukennt að ákærði hafi fengið sama símanúmer og var í samskiptum við vitnið A dagana fyrir komu hennar til landsins 17. desember 2023, liggur fyrir að ákærði var með íslenskt símanúmer í desember 2023. Þykir framburður ákærða ótrúverðugur.

Framburður A fyrir dómi, sem er í samræmi við framburð hennar hjá lögreglu, fær fulla stoð í þeim rannsóknargögnum sem liggja fyrir í málinu um innhald síma hennar, auk þess sem staðfest er í gögnum málsins og framburði lögreglumanns 1 fyrir dómi, að símanúmerið [...] hafi verið notað í síma ákærða sem hann var með á sér við handtöku. Þau símasamskipti sem rakin eru milli ákærða og A eru ekki textaskilaboð og því kemur ekki að sök að mati dómsins að lítils háttar þýðing úr frönsku á ensku hafi verið gerð með þýðingarforriti. Hefur ekkert komið fram í málinu sem þykir benda til þess að framburður vitnisins A, eigi ekki við rök að styðjast. Verður framburður hennar um að ákærði hafi skipulagt, fjármagnað og aflað fíkniefnanna sem hann fékk A til að flytja gegn greiðslu, lagður til grundvallar. Að gættu magni efnanna og með vísan til framburðar vitnisins þykir mega slá því föstu að efnin hafi verið ætluð til söludreifingar hér á landi í ágóðaskyni. Að þessu gættu, þykir hafið yfir skynsamlegan vafa, sbr. 1. mgr. 109. gr. laga nr. 88/2008, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök. Verður ákærði því sakfelldur samkvæmt ákærulið I og er brot hans þar réttilega heimfært til refsíákvæða.

Ákæruliður II

Samkvæmt þessum ákærulið er ákærða gefið stórfellt fíkniefnalagabrot, með því að hafa um nokkurt skeið, allt til fimmtudagsins 21. desember 2023, í félagi með B, f. [...], staðið að innflutningi, fjármögnun og öflun á samtals 124,04 g af kókaíni, með styrkleika 86–87% og 231,80 g af ketamíni, með styrkleika 87%, ætluðu til söludreifingar hér á landi í ágóðaskyni en B hugðist afhenda ákærða fíkniefnin við komuna til Íslands.

Ákærði kvaðst fyrir dómi hafa þekkt B lengi og kannaðist við að hafa verið í samskiptum við hana en neitaði að það hefði verið í tengslum við fíkniefnainnflutning. Ákærði neitaði í lögregluskýrslu að þekkja B. Ákærði kannaðist við sjálfan sig á myndbandi sem fannst í síma B þar sem lagið „It’s beginning to look a lot like Christmas“ var spilað undir en kvaðst ekki vita hvenær hann hefði sent myndbandið til hennar. Ákærði kvaðst ekkert vita er borið var undir hann að myndbandið hefði verið sent til B úr númerinu [...] þann 20. desember 2023 en staðfesti að myndbandið hefði verið tekið

í íbúðinni í [...]. Að öðru leyti neitaði ákærði að tjá sig fyrir dómi um samskipti hans við B. Er framburður ákærða metinn ótrúverðugur.

Eins og áður hefur komið fram, var B sakfelld fyrir aðild að innflutningi fíkniefnanna sem svokallað burðardýr og dæmd í 5 mánaða fangelsi með dómi [...]. Í skýrslu hjá lögreglu þann 28. desember 2023, greindi B frá því að maður á Íslandi hefði greitt fyrir flugið til landsins og að hún hefði verið í samskiptum við hann en hann hétí E í símanum. Flugmiðann hefði hún fengið sendan í símann frá þeim aðila þann 20. desember en hafi misst af því flugi og því fengið miða 21. desember. Kvaðst hún hafa verið í sambandi við E allt ferðalagið og hafa ákveðið ferðaleiðina en hann hefði haft samband við hana og boðið henni að fara í þetta verkefni og sækja fíkniefnin til [...]. E væri sá sem stjórnaði. B lauk afplánun dómsins áður en ákæra var gefin út á hendur ákærða og reyndist ekki unnt að ná sambandi við hana til að gefa skýrslu fyrir dómi.

Við skoðun á innihaldi síma B komu í ljós 37 hringd og móttekin símtöl milli hennar og símanúmersins [...], sem var aðeins vistað undir lyndistákni, tímabilið 24. nóvember til 17. desember 2023. Þá komu í ljós mikil samskipti milli B og símanúmersins [...], sem var vistað undir nafninu E, áður en hún kom til landsins og fóru 191 símtöl á milli á tímabilinu 18.-21. desember 2023. Þá fundust skjámyndir á síma B varðandi tilhögun ferðalags hennar til landsins sem tengdust því símanúmeri. Þann 19. desember sendi B tvær myndir í símanúmerið af frönsku kennivottorði sínu í númerið og síðar sama dag sendi hún [...] símanúmer og netfang sitt, [...]. Enn síðar sama dag áframsendi E til B mynd af staðfestri bókun á [...]dagana 20.-21. desember 2023 þar sem nafn og netfang hennar kemur fram. Daginn eftir, 20. desember, sendi B pdf skjal af brottfararspjaldi [...], flugnr. [...] frá [...] til Keflavíkur 21. desember 2023. Þann 20. desember 2023 sendi E myndband tekið út um glugga í íbúð í Kópavogi að því er virðist á [...] og var lagið „It's beginning to look a lot like Christmas“ leikið undir því. Myndbandið var spilað við aðalmeðferð og er augljóst að um ákærða er að ræða í myndbandinu. E sendi B til viðbótar þrjú sams konar myndbönd sama dag.

Af hálfu ákæruvaldsins var upplýst að B hefði lokið afplánun í febrúar 2024 og farið af landi brott. Reynt hefði verið án árangurs að hafa samband við hana til að gefa skýrslu fyrir dómi en ekki væri vitað hvar hún væri niður komin og því ómögulegt að beita vitnakvaðningu. Ákærvaldið vísar til 3. mgr. 111. gr. laga nr. 88/2008 og byggir á því að framburður B hjá lögreglu sem tekinn var upp í hljóði og mynd fái stoð í gögnum málsins og hljóti því að hafa vægi við sönnunarmat. Játning er varði aðild B að málinu

liggi fyrir í fyrrngreindum dómi [...] þar sem lagt var til grundvallar að B hafi aðeins flutt fíkniefnin til landsins en hvorki verið eigandi þeirra eða skipulagt innflutninginn.

Að mati dómsins verður tekið undir með verjanda ákærða varðandi það að ákærvaldinu hefði mátt vera unnt að færa B fyrir dóm til að gefa skýrslu, áður en hún lauk afplánun. Hins vegar liggur fyrir að hún lauk afplánun í febrúar sl. en ákæra var ekki gefin út fyrr en í apríl. Þá liggja sönnunargögn fyrir í málinu sem styðja framburð B hjá lögreglu og tengja ákærða beint við komu hennar til landsins þann 21. desember 2023. Ákærði viðurkenndi fyrir dómi að hafa sent B myndband af sjálfum sér þann 20. desember 2023, sem samkvæmt gögnum málsins var sent úr símanúmerinu [...] sem var vistað var í síma B undir nafninu E. Einnig fékk hún sendan farseðil til landsins og hótelpöntun hérlendis úr því sama númeri. B var einnig í sambandi við símanúmerið [...], sem fyrir liggur að notað var í síma ákærða frá 25. nóvember 2023. Gögn þessi benda ótvírætt til þess að ákærði hafi skipulagt innflutning fíkniefnanna sem B kom með til landsins og verður framburður hennar hjá lögreglu um að ákærði hafi skipulagt, fjármagnað og aflað fíkniefnanna því lagður til grundvallar við úrlausn málsins. Hefur ekkert komið fram í málinu sem þykir benda til þess að framburður hennar hjá lögreglu, eigi ekki við rök að styðjast, en hann er studdur rannsóknargögnum um símasamskipti hennar og framburði lögreglumanns 1 fyrir dómi. Að gættu magni efnanna og með vísan til framburðar vitnisins þykir mega slá því föstu að efnin hafi verið ætluð til söludreifingar hér á landi í ágóðaskyni. Að þessu gættu þykir hafið yfir skynsamlegan vafa, sbr. 1. mgr. 109. gr. laga nr. 88/2008, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök. Verður ákærði því sakfelldur samkvæmt ákærulið II og er brot hans þar réttilega heimfært til refsíákvæða.

Ákæruliður III

Ákærða er gefið að sök stórfellt fíkniefnalagabrot, með því að hafa um nokkurt skeið, allt til mánudagsins 8. janúar 2024, staðið að innflutningi á 861,46 g af ketamíni, með styrkleika 85%, ætluðu til söludreifingar hér á landi í ágóðaskyni. Ákærði hafi flutt efnin til Íslands falin í póstsendingu frá [...], sem lögreglumenn hafi stöðvað í pósthúsi Póstsins mánudaginn 8. janúar 2024, í kjölfar þess að ákærði vitjaði sendingarinnar í pósthúsi við Síðumúla 5 í Reykjavík, með það fyrir augum að fá hana afhenta.

Ákærði neitar sök. Kvaðst hann fyrir dómi hafa greint frá málinu í lögregluskýrslu og ekki vilja tjá sig frekar. Ákærði kannaðist við að hafa sagt hjá lögreglu að hann hefði verið að ná í peningagreiðslu frá [...]. Ákærði kvaðst hafa sýnt skilríki er

hann vitjaði sendingarinnar en verið sagt að þau dygðu ekki. Ákærði sagðist ekki vera F beðinn um að skýra hvernig símanúmer hans, [...], hefði verið á sendingunni. Ákærði kvaðst ekki kannast við símanúmerið [...]og kvaðst ekki vita hver ætti SIM-kort sem fannst með því símanúmeri við húsleit 8. janúar 2024 í íbúð hans að [...]. Var framburður ákærða fyrir dómi í samræmi við framburð hans hjá lögreglu.

Í málinu liggur fyrir að umræddur pakki var með viðtökunúmerinu [...], skráður viðtakandi F, til heimilis að [...], GSM símanúmer [...]. Samkvæmt upplýsingaskýrslu lögreglu sem liggur fyrir í málinu, veitti lögregla ákærða eftirför frá [...] að pósthúsi við Síðumúla 5, Reykjavík þennan dag. Þar kemur m.a. fram að ákærði hefði vitjað pakkans en ekki fengið hann afhentan en lögregla fundið ketamín innan í nuddrúllum sem verið hefðu í pakknum. Í skýrslu vegna upptöku úr eftirlitsmynda-vélum í pósthúsinu við Síðumúla þann 8. janúar 2024, eru myndir af ákærða umrætt sinn þar sem hann sést framvísa farsíma hjá þjónustufulltrúa en ekki sést greinilega á myndunum hvað er á skjá farsímans. Vitnið, lögreglumaður 3, bar fyrir dómi að hann hefði fylgt ákærða inn í Pósthúsið og séð hann fara í röð fyrir pakkasendingar en önnur röð hefði verið fyrir peningasendingar [...]. Vitnið kvaðst ekki hafa sjálfur séð strikamerkingu á síma ákærða, sem hann hefði framvísað hjá afgreiðslufulltrúa. Vitnið greindi frá því að hann hefði talað við stöðvarstjóra Pósthússins sem hefði staðfest að aðeins hefði verið flett upp pakkasendingu þeirri sem efnin fundust í, hjá þeim afgreiðslufulltrúa sem afgreiddi ákærða. Þrátt fyrir þann annmarka á rannsókn að ekki liggi fyrir skýrslur afgreiðslufulltrúa og stöðvarstjóra Pósthússins, kemur það ekki að sök eins málið liggur fyrir. Í skýrslu lögreglu vegna pakkasendingar [...], dags. 9. janúar 2024, vegna eftirlits með ákærða þann 8. janúar 2024 og innihald pakkans, kemur m.a. fram að símanúmer á sendingunni sjálfri hefði verið [...] en símanúmerið [...], skráð fyrir sendingunni í kerfum Póstsins. Í myndaskýrslu lögreglu þann 8. janúar sl. er því skilmerkilega lýst hvernig ákærði bar sig að og hverju hann framvísaði. Voru skýrslurnar staðfestar fyrir dómi af þeim lögreglumanni sem fylgdi ákærða eftir og ræddi við stöðvarstjóra. Verður framburður hans lagður til grundvallar í málinu.

Í húsleitarskýrslu sem liggur fyrir í málinu kemur fram að við húsleit í [...] hefðu fundist tveir farsímar á náttborði ásamt umbúðum af SIM-korti með þar sem á hefði verið skrifað símanúmerið [...]. Lögreglumaður 2 bar fyrir dómi að hafa fundið tilgreint SIM-kort með því símanúmeri. Þá kom fram hjá lögreglumanni 1 fyrir dómi að símanúmerið [...] hefði verið í farsíma ákærða sem haldlagður var við handtöku og að símanúmerið

[...] hefði verið notað í þeim síma. Upplýsingaskýrsla lögreglu frá 8. maí 2024 vegna IMEI númers í síma ákærða þykir sýna nægilega fram á hvert IMEI númer símans hafi verið auk þess sem lögreglumaður 1 staðfesti skýrsluna fyrir dómi. Miðað við það sem að framan er rakið hefur að mati dómsins verið sýnt fram á að ákærði hafi notað símanúmerin [...] og [...] sem bæði tengdust pakkanum, auk þess sem síðara númerið var í síma ákærða við handtöku og skrifað á pakkningu utan um SIM-kort sem fannst við húsleit í íbúð ákærða. Því geti ekki farið á milli mála að ákærði hafi skipulagt og fjármagnað innflutning fíkniefnanna sem í pakkanum voru.

Að þessu gættu telst sannað, svo ekki verði vefengt með skynsamlegum rökum, sbr. 1. mgr. 109. gr. laga nr. 88/2008, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákæru og er brot hans þar réttilega heimfært til refsíákvæða.

Ákæruliður IV

Ákærði hefur játað sök samkvæmt þessum ákærulið. Með skýlausri játningu ákærða sem samrýmist rannsóknargögnum málsins er sannað að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök og er brot hans rétt heimfært til refsíákvæða í ákæru.

Ákæruliður V

Ákærða er gefið að sök fíkniefnalagabrot, með því að hafa mánudaginn 8. janúar 2024, haft í vörslum sínum á dvalarstað sínum, [...], samtals 4,07 g af amfetamíni og 4,16 g af ketamíni, sem lögreglu haldlagði við leit.

Samkvæmt efnaskýrslu tæknideildar sem liggur fyrir í málinu reyndust haldlögð efni vera 4,07 g af amfetamíni og 4,16 g af ketamíni og í matsgerð Rannsóknarstofu HÍ dags. 10. janúar 2024 kemur fram að styrkur ketamíns hafi verið 85%.

Ákærði bar fyrir dómi að hann hefði haft tilgreinda íbúð til umráða frá 18. eða 19. desember 2023. Ber ákærði ábyrgð á þeim efnum sem fundust á heimili hans frá þeim tíma en að mati dómsins er fráleitt að efnin hafi verið í íbúðinni er ákærði tók við henni eins og ákærði hélt fram fyrir dómi. Að þessu gættu telst hafið yfir allan vafa að ákærði hafi haft tilgreind efni í vörslum sínum eins og honum er gefið að sök í ákæru og er brot hans þar réttilega heimfært til refsíákvæða.

Refsíákvörðun og upptaka

Í málinu liggja ekki fyrir gögn um að ákærði hafi áður gerst sekur um refsiverða háttsemi hér á landi. Ákærði hefur verið sakfelldur fyrir innflutning á miklu magni hættulegra fíkniefna auk skjalabrots og vörslur fíkniefna. Ber háttsemi ákærða sem skipuleggjandi innflutnings fíkniefnanna til söludreifingar hér á landi í tvö aðskilin skipti með nokkurra daga millibili í félagi við tvær konur, sem hafa verið sakfelldar fyrir sína aðild, og í þriðja sinn með póstsendingu sem kom til landsins tæpum þremur vikum síðar, með sér mjög einbeittan brotavilja. Ber að virða framangreint til refsilyngingar samkvæmt 1., 3. og 6. tölul. 1. mgr. 70. gr. og 2. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Samkvæmt framansögðu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í þrjú ár. Til frádráttar refsingu skal koma gæsluvarðhald ákærða að fullri dagatölu frá 8. janúar 2024 til dómsuppsögudags, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga.

Fyrir liggur í málinu að samtals 421,55 g af kókaíni og 847,41 g af ketamíni voru gerð upptæk með dómum Héraðsdóms Reykjaness 25. janúar 2024 í máli nr. S-172/2024 og 29. febrúar 2024 í máli nr. 437/2024. Að því gættu og því að ákærvaldið féll frá þeim lið í ákærulið V sem varðar 1,01 g af kókaíni, breytti ákærvaldið upptökukröfu við munnlegan málflutning og krafðist upptöku á 865,62 g af ketamíni og 4,07 g af amfetamíni. Er fallist á þá upptökukröfu með vísan til lagaákvæða í ákæru.

Í ljósi málsúrslita skal ákærði greiða allan sakarkostnað auk málsvarnarlauna verjenda á rannsóknarstigi og fyrir dómi. Samkvæmt yfirliti ákærvaldsins nemur útlagður sakarkostnaður 402.628 krónur. Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjenda síns, Áslaugar Láru Lárusdóttur lögmanns, 2.353.520 krónur. Ákærði greiði einnig þóknun skipaðs verjenda síns á rannsóknarstigi, Ólafs Vals Guðjónssonar lögmanns, 1.289.600 krónur auk aksturskostnaðar 19.800 krónur. Málsvarnarlaun og þóknun verjenda, sem eru ákveðin að meðtöldum virðisaukaskatti, þykja hæfileg í ljósi eðlis og umfangs máls og með hliðsjón af tímaskýrslum.

María Thejll héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, Adam Benito Pedie, sæti fangelsi í þrjú ár. Til frádráttar refsingu komi óslitið gæsluvarðhald ákærða frá 8. janúar 2024 til og með dómsuppsögudegi.

Gerð eru upptæk til ríkissjóðs 865,62 g af ketamíni og 4,07 g af amfetamíni.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Áslaugar Láru Lárusdóttur lögmanns, 2.353.520 krónur og þóknun skipaðs verjanda síns á rannsóknarstigi, Ólafs Vals Guðjónssonar lögmanns, 1.289.600 krónur auk aksturskostnaðar 19.800 krónur.

Ákærði greiði annan sakarkostnað 402.628 krónur.

María Thejll